

Schubertkvöld
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sólrún Bragadóttir
sópransöngkona
og
Jónas Ingimundarson
píanóleikari



Þriðjudaginn 10. júlí 1990 kl. 20:30

Sólrún Bragadóttir hóf söngnám í Tónlistarskóla Kópavogs hjá Elísabetu Erlingsdóttur, en fór síðan í framhaldsnám til háskólans í Indíana í Bandaríkjunum þar sem aðalkennarar hennar voru Roy Samuelsen og Virginia Zeani. Fyrir þremur árum réðst hún að leikhúsinu í Kaiserslautern í Þýskalandi og hefur sungið þar mörg stór hlutverk, þar á meðal Mimi í La Bohème eftir Puccini, Gildu í Rigoletto eftir Verdi, Greifafrúna í Brúðkaupi Fígarós og Maríu í óperunni Selda brúðurin eftir Smetana. Næsta haust er Sólrún ráðin til þriggja ára við óperuhúsið í Hannover sem er eitt af stærstu óperuhúsum Þýskalands og mun þar hefja feril sinn á því að syngja hlutverk Pamínu í Töfraflautu Mozarts. Sólrún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, haldið sjálfstæða tónleika og komið fram í sjónvarpi og útvarpi hérlendis og erlendis.

Allt frá árinu 1970 hefur Jónas Ingimundarson starfað sem píanóleikari, kennari og kórstjóri. Hann er þekktur um land allt, því hann hefur verið ötull við að halda tónleika á ári hverju víða um landið. Auk þess hefur hann haldið tónleika á Norðurlöndum, á meginlandi Evrópu, í Bandaríkjunum og víðar.

Sönglög eftir Franz Schubert

F. v. Schober	An die Musik
C. Lappe	Der Einsame
C. Lappe	Im Abendrot
H. Ch. Hölty	Seligkeit
Goethe	Wanderers Nachtlied
J. G. Seidl	Bei Dir
Rückert	Du bist die Ruh
H. v. Chezy	Romanze
M. v. Collin	Nacht und Träume
Goethe	Gretchen am Spinnrade
W. Scott	Söngvar Ellenar
	I Raste, Krieger
	II Jäger, ruhe von der Jagd
	III Ave Maria